

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB), sem vísað er til í lið 20 í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017, frá 5. maí 2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009, frá 13. júlí 2009, um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003.

Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31/2017, 18. maí 2017, bls. 569.

3. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 284/2010 um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003, um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 45. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2019.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Ingvi Már Pálsson.